

Alþingi 10.4.2017

Málsnr.:

1702161

Málalykill:

0.34.2



Nefndasvið Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögðu 4 · 101 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068  
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 4. apríl 2017  
Tilv.: MMR17030209/0.4.3-

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um húsnæði Listaháskóla Íslands - 143. þingmál á 146. löggjafarþingi.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur borist til umsagnar frá nefndasviði Alþingis, dags. 17. mars 2017, um að láta í té umsögn um 143. þingmál, tillögu til þingsályktunar um húsnæði Listaháskóla Íslands.

Efni tillögunnar er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela ráðherra mennta- og menningarmála að kveða á um framtíðarhúsnæði Listaháskóla Íslands og leysa þannig til frambúðar þann húsnæðisvanda sem skólinn hefur búið við um langa hríð.

Í þessu samhengi vill ráðuneytið benda á að í greinargerð með þingsályktunartillögunni er ekki sérstaklega rökstutt á hvaða grundvelli mennta- og menningarmálaráðuneyti sé skylt að finna Listaháskóla Íslands hentugt framtíðarhúsnæði. Skólinn er ekki opinber háskóli í skilningi laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og telst ekki vera undirstofnun ráðuneytisins líkt og ríkisháskólarnir Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli - Háskólinn á Hólum. Rekstrarform Listaháskóla Íslands er sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri (ses) sem er sama rekstrarform og notað er fyrir Háskólann á Bifröst. Til samanburðar má nefna að Háskólinn í Reykjavík er rekinn sem einkahlutafélag. Starfsemi þessara þriggja sjálfstætt reknu háskóla heyrir að öllu leyti undir lög um háskóla nr. 63/2006 sem hefur m.a. þá þýðingu að auk kennslu- og rannsóknarframlags sem þeir njóta úr ríkissjóði skv. 21. gr. laga nr. 63/2006 er þeim frjálst að innheimta skólagjöld af nemendum. Til samanburðar þá er opinberum aðilum aðeins heimilt að innheimta skrásetningargjald af nemendum, sem er núna 75.000 kr. skv. a-lið 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008. Á ráðuneytinu hvílir því ekki skylda að lögum til að útvega sjálfstætt reknum háskólum viðeigandi húsnæði til kennslu og rannsókna. Framlag vegna húsnæðis er innifalið í reikniflokkum til námsins, bygging húsnæðis eða annar stofnkostnaður vegna húsnæðis er ekki á ábyrgð ráðuneytisins þegar um er að ræða sjálfseignastofnanir eða einkahlutafélög.

*Umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis*

Af hálfu stjórnenda og stjórnar Listaháskóla Íslands hefur verið unnið að því í samvinnu við stjórnvöld að koma skólanum undir eitt þak allt frá stofnun hans árið 1999. Ráðuneytið hefur alla tíð lagt sitt af mörkum til að liðka til hvað varðar húsnæðismál Listaháskóla Íslands og er skólinn að hluta hýstur í húsnæði í eigu ríkisins. Skólinn og mennta- og menningarmálaráðuneyti gerðu með sér samning dags. 7. maí 2007 um sérstakt húsnæðisframlag til skólanum sem var ætlað að gera skólanum kleift að greiða hærri leigu í framtíðarhúsnæði. Á grundvelli þess samnings gerðu Listaháskólinn og byggingarfélagið

Samson Properties ehf. með sér samning 4. desember 2007 um byggingu húsnæðis fyrir skólann á svokölluðum Frakkastígsreit í miðborg Reykjavíkur. Áætlað var að nýbygging fyrir skólann yrði afhent í maí 2011 og kennsla gæti hafist í nýju húsnæði haustið 2011. Þessi áform gengu þó ekki eftir.

Í maí 2013 var skipaður starfshópur um framtíðarhúsnæði Listaháskóla Íslands sem fékk það hlutverk að gera ítarlega kostnaðaráætlun vegna byggingar á húsnæði fyrir Listaháskólann. Starfshópurinn tók í tillögum sínum mið af stefnumótun Listaháskólans 2007-2011 en þar segir m.a. að áhersla sé lögð á að skólinn starfi undir einu þaki og að viðunandi húsnæðislausn fáiast í samræmi við sérstöðu hans. Starfshópurinn fjallaði um tvo kosti í staðarvali og þrjár leiðir að útfærslu skólahúsnæðis. Annars vegar var fjallað um þá tillögu að byggja við núverandi húsnæði skólans að Laugarnesvegi 91. Hins vegar var fjallað um breytingar á núverandi húsnæði að Sölvhólsgötu 13 og viðbyggingu eða nýtt húsnæði á svonefndum Sölvhólsgötareit. Starfshópurinn hætti störfum í ársbyrjun 2014 án endanlegrar niðurstöðu.

Núverandi rektor Listaháskóla Íslands hefur lýst áhuga sínum á að skólinn verði allur í Laugarnesinu. Í Laugarnesi hefur skólinn til umráða um 4.500 fermetra í húsnæði sem er 10.000 fermetrar. Ef stuðst er við þarfagreiningu sem unnin var vegna fyrirhugaðrar byggingar á Frakkastígsreitnum gæti rýmisþörf skólans, um 15.000 fermetrar, verið mætt með því að skólinn taki yfir allt húsnæðið í Laugarnesi, auk þess sem húsnæðið yrði stækkað með 5.000 fermetra viðbyggingu. Talið var að þessi lausn myndi fela í sér heildarfjárfestingu upp á 4 milljarða króna á verðlagi ársins 2014. Þess má geta að sú upphæð er mun lægri en áætlaður kostnaður að byggja við núverandi húsnæði skólans á Sölvhólsgötareitnum eða að byggt verði þar nýtt húsnæði frá grunni.

Ráðuneytinu er kunnugt um að stjórn Listaháskóla Íslands hefur hug á að byggja upp húsnæði skólans í Laugarnesinu. Það mál er í vinnslu milli ráðuneytis, Ríkiseigna og Listaháskóla Íslands.

Fyrir hönd ráðherra

  
Ásta Magnúsdóttir

  
Hellen Gunnarsdóttir